

**Nd.**

**170. Frumvarp til laga**

[96. mál]

um breyting á lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

**1. gr.**

5. gr. laganna orðist þannig:

Til húsbýgginga og annarra mannvirkja þarf leyfi fjárhagsráðs.

Þó skal heimilt að byggja hagkvæmar smábúðir án fjárfestingarleyfis, en ráðherra skal með reglugerð ákveða stærðartakmörk þeirra.

Enn fremur skal ákveðið í reglugerð, að tilteknar minni háttar framkvæmdir, svo sem bygging útihúsa í sveitum og verbúða, séu heimilar án fjárfestingarleyfis.

Nánari ákvæði um fjárfestingarleyfi séu sett í reglugerð.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**G r e i n a r g e r ð .**

Fjárhagsnefnd Nd. flutti á síðasta þingi að meginefni sömu tillögu til breytingar á fjárhagsráðslögunum og hér er flutt. Kom tillagan fram í þinglokin og fékk ekki afgreiðslu. Hins vegar mátti telja líklegt, að öruggt þingfylgi væri fyrir henni, enda stóðu að flutningi hennar fulltrúar allra þingflokka.

Það virðist augljóst, að aðstæður eru nú gerbreyttar frá því, er lög in um fjárhagsráð voru sett árið 1947, sérstaklega varðandi nauðsyn þeirra ströngu fjárfestingarreglna, sem þau ráðgerðu. Fleiri tillögur hliðstæðar þeirri, sem hér er flutt, um meira frjálstræði til framkvæmda, komu fram á síðasta þingi og eru enn fluttar nú, og sams konar ályktanir hafa verið gerðar samhljóða í ýmsum bæjarfélögum. Önnur rök með slíkri tillögu eru þau, að hið stranga fjárfestingareftirlit með byggingu hagkvæmra smábúða sé óþarft orðið vegna skorts á byggingarefni og lánsfé. Nægjanlegt er að tryggja slíkum framkvæmdum hæfilegt magn heildarinnflutnings byggingarefnisins.